

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi Rauðhólahverfis í landi Snæfoksstaða.*
Í breytingunni felst að byggingarmagn mun miðast við nýtingarhlutfallið 0,03 í stað 100 m² hámarksstærðar fristundahúsa. Liður 12 í skilmálum er einnig felldur út. Samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2010.
2. *Breyting á deiliskipulagi fristundabyggðar í Kerhrauni í landi Klausturhóla vegna lóða 103 og 104.*
Í breytingunni felst að lóðir nr. 103 og 104 verða sameinaðar og göngustígur við mörk lóðarinnar nr. 102 færður til suðvesturs. Lóð nr. 104 stækkar en lóð nr. 102 minnkar. Samþykkt í sveitarstjórn 8. október 2009.
3. *Breyting á deiliskipulagi fristundabyggðar í landi Vaðness, 3. áfangi, Mosabraut 29, 31 og 33.*
Í breytingunni felst að austurmörk lóða nr. 31 og 33 færast til austurs um 10 m, jafnframt minnkar lóð nr. 29. Samþykkt í sveitarstjórn 8. október 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. júlí 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.